

✉ Re: 2210032 - Ósk um umsögn –tillaga að deiliskipulagsbreytingu

Búið til	30.11.2022 15:24:29
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	30.11.2022 15:24:28
Tilheyrir	📁 202210-0022 - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu - Borgarbyggð/Galtarhilt II frístundabyggð

Efni

Re: 2210032 - Ósk um umsögn –tillaga að deiliskipulagsbreytingu

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	30.11.2022 15:24:28	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@borgarbyggd.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál 202210-0022 (BK).

Vísað er til tölvubréfs verkefnastjóra skipulagsmála í Borgarbyggð, dags. 18. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Galtarholti II í Borgarbyggð frá árinu 2004.

Breytingin á við 97 ha svæði en gildandi deiliskipulag nær yfir 276,5 ha í heild sinni. Breyting deiliskipulags felur í sér fjölgun frístundahúsa, niðurfellingu á hesthúsaloðum og leiksvæðum sem og breytingar á lengd og legu vegakerfis. Fyrirhugaðir vegir eru 4,5 m breiður en voru 4 m. Ástæða er auknar kröfur slökkviliðsstjóra Borgarbyggðar um bætt aðgengi viðbragðsaðila. Þá er fyrirhugað að bæta við golfbílavegum.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Tekið skal fram að kortin sem fylgja tillögunni eru nokkuð torlesin. Þau eru full af smáatriðum sem oft var erfitt að greina. Sérstaklega var erfitt að sjá mörk fyrirhugaðs golfvallar.

Jákvætt er að lögð er áhersla á að hlífa vistgerðum með hátt verndargildi og ýmsar aðgerðir tilgreindar til þess, svo sem að þess verði gætt að loka ekki fyrir rennsli á milli mýrafláka þegar lagðir eru vegir, göngu- og reiðstígar, að staðsetning byggingarreita á lóðum miðist við þurrlendi og því að raska birkikjarri sem minnst.

Út frá vistgerðum á svæðinu má reikna með að þéttleiki vaðfugla sé mikill. Áhersla ætti að vera lögð á að forðast, bæði hvað þessa tilteknu skipulagsbreytingu varðar sem og almennt, að raska vaðfluglaríkum svæðum en víða hefur verið gengið mikið á búsvæði vaðfugla, m.a. með frístundabyggðum. Meðal þess sem ber að hafa í huga er að vaðfluglar forðast ýmis mannvirki sem lýsir sér þannig að þéttleiki þeirra er minni nær mannvirkjunum en fjær (Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Þar af leiðandi getur framkvæmdum fylgt töluvert meira búsvæðatap fyrir vaðfugla en augljóst er í fyrstu.

Almennt er æskilegra að frístundabyggðir séu færri og þéttari fremur en fleiri og dreifðari, m.a. vegna ofangreindra jaðaráhrifa á vaðfugla. Heldur þykir því langt seilst í sumum tilfellum þegar verið er að staðsetja 1-2 frístundalóðir á litlum þurrlandisblettum sem þarf að tengja með vegum með tilheyrandi raski og uppskiptingu mýra (e. fragmentation). Á það við fyrirhugaða breytingu er varðar Bolhól og einnig Háaás 7-11.

Þá hvetur Náttúrufræðistofnun eindregið til þess að fallið verði frá þeim áætlunum að leggja golfbílaveg þvert yfir mýrina á milli Háaáss og Stapaáss, enda verður ekki séð að ástæður séu fyrir hendi sem réttlæta að mýrinni sé raskað fyrir þessa tilteknu framkvæmd.

Einnig ætti að gera kröfu um að settir verði skilmálar þess efnis að óheimilt verði að planta erlendum trjategundum innan frístundabyggðarinnar.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Heimild:

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2-3) bls. 145-162.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 2210032 - Ósk um umsögn –tillaga að deiliskipulagsbreytingu

Date: 18.10.2022 13:50:58

Góðan dag

B.t. þess sem sér um umsagnir skipulagsmála.

Efni: **Galtarholt II frístundabyggð** – skipulagstillaga

Varðar umsögn um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Borgarbyggð sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti þann 12. október 2022 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Galtarholti II í Borgarbyggð frá árinu 2004 m.s.br.

Umsagnafrestur er til og með **30. nóvember 2022**.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.

Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is (<mailto:skipulag@borgarbyggd.is>) eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi er tengill inn á heimasíðu þar sem liggja eftirfarandi skjöl:

- Tillaga að breytingu á deiliskipulagi dags 27.09.2022, fyrir og eftir breytingu
- Greinargerð deiliskipulagsbreyningar dags. 27.09.2022
- Yfirlitsuppráttur deiliskipulags dags. 27.09.2022

Tengill: [Skipulagsauglýsingar | Borgarbyggð \(borgarbyggd.is\)](#)

(<https://www.borgarbyggd.is/is/thjonusta/skipulagsmal/skipulagsauglysingar/litlu-tunguskogur-og-galtarholt-ii-deiliskipulag>)

Bestu kveðjur / Best regards

Þóra Margrét Júlíusdóttir

Verkefnastjóri skipulagsmála

+354 433-7100

skipulag@borgarbyggd.is (<mailto:skipulag@borgarbyggd.is>) / www.borgarbyggd.is

(<http://www.borgarbyggd.is/>)

www.facebook.com/borgarbyggd (<http://www.facebook.com/borgarbyggd>)

www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari (<https://www.borgarbyggd.is/is/fyrirvari>)